

Nd. 713. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [9. mál]

i málinu: Frv. til l. um grunnskóla.

Frá Pálma Jónssyni, Birni Pálssyni,
Bjarna Guðnasyni og Sverri Hermannssyni.

Með tilliti til þess, að

- a) hagkvæm vinnubrögð séu að láta endanlega afgreiðslu grunnskólafrumvarpsins bíða, þar til fyrir liggur, á hvaða grundvelli verði byggt eftir fyrirhugaðar lagabreytingar varðandi verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga;
- b) allgjörlega ófullnægjandi greinargerð fylgir frumvarpinu um kostnað við framkvæmd málsins og engar upplýsingar hafa verið gefnar um það efni við umræður;
- c) frumvarpið felur í sér lengingu skólaskyldu;
- d) samþykktar voru við 2. umræðu málsins breytingartillögur við frumvarpið um ákvæði varðandi byggingu skólahúsnæðis, sem leggja byrgðar á ríkissjóð í mjög ríkum mæli, án þess þó að nokkuð sé vitað, hvornig verði staðið undir;
- e) á frv. eru stórfelld missmíði, svo sem að fela landshlutasamtökum sveitarfélaga sérstök verkefni og völd, án þess að þessi samtök hafi nokkra stöðu að lögum;
- f) meðferð málsins í hv. deild hefur verið reikul og stefnulaus, eins og atkvæðagreiðslna við 2. umræðu sýndi í mörgum tilfellum;
og í trausti þess, að skipuð verði 7 manna þingmannanefnd til að endurskoða frumvarpið og það verði lagt fram endurskoðað fyrir Alþingi næsta haust, samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.